



Mennta- og
menningarmálaráðuneytið



Félagsmálaráðuneytið



SAMBAND ÍSLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



Samgöngu- og
sveitarstjórnarráðuneytið

Viljayfirlýsing

um samstarf um úttekt á þróun grunnskólans og þjónustu við börn

Samband íslenskra sveitarfélaga ásamt ráðherrum mennta- og menningarmála, félags- og barnamála og samgöngu- og sveitarstjórnarmála lýsa yfir vilja til samstarfs um sameiginlega úttekt á þróun grunnskólans og þjónustu við börn í tilefni þess að 25 ár eru liðin frá yfirfærslu grunnskólans frá ríki til sveitarfélaga.

Ný menntastefna til 2030, nýsamþykkt lög um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og stefnumótandi byggðaáætlun næstu ára leggja áherslu á samhæfða þjónustu þvert á fagsvið í þágu barna og fjölskyldna óháð búsetu, með snemmtækan stuðning að leiðarljósi. Aðilar þessarar viljayfirlýsingar eru einhuga um að vanda til innleiðingar þessara breytinga.

Með hvaða hætti geta ríki og sveitarfélög hagnýtt reynslu af yfirfærslu grunnskólans vegna samstarfs um innleiðingu nýrrar menntastefnu til 2030, nýrra laga um samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og aðgerða í byggðaáætlun um skólaþjónustu, starfsþróun og þverfagleg landshlutateymi?

Niðurstöður úttektarinnar geta gefið mikilvægar upplýsingar sem nýtast við innleiðingu umræddra áætlana og gefa vísbendingar um þróun og framgang stefnumótandi áætlana ríkis og sveitarfélaga á þessum vettvangi sl. aldarfjórðung.

Um útfærslu samstarfsins og framkvæmd viljayfirlýsingarinnar fer samkvæmt verkefnisáætlun og kostnaðarmati sem unnin verða sameiginlega af ofangreindum aðilum með það að markmiði að þróa áfram og samhæfa þjónustu við börn um land allt á grundvelli fyrirliggjandi reynslu og þekkingar.

Reykjavík, 8. nóvember 2021

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður stjórnar
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra

Lilja Dögg Alfreðsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Sigurður Ingi Jóhannsson
samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra